

## Nefndarálit

### um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022–2026.

Frá 2. minni hluta fjárlaganefndar.

Síðasta fjármálaáætlun þessa kjörtímabils er hér til umfjöllunar, þar sem stjórnvöld leggja fram stefnu sína til næstu fimm ára. Til þess að finna stefnu stjórnvalda þarf hins vegar bæði stækkunargler og tímavél. Stækkunargler af því að eina stefnan sem finnst í þessari fjármálaáætlun er milljarður króna aukalega í loftslagsmál næstu 10 árin, til þess að brúa bilið frá fyrri stefnu um 40% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda yfir í 55% samdrátt, og vísun í stefnu síðustu fjármálaáætlunar þar sem það reyndist ríkisstjórninni of erfitt að koma sér saman um stefnu út úr kófinu.

Í því ástandi sem við erum núna þar sem við sjáum glitta í endalok samkomutakmarkana og opnara aðgengi fyrir ferðamenn þarf stefnu til framtíðar en stjórnvöld skila hins vegar auðu. Frá því að stjórnvöld lögðu fram sína síðustu áætlun hefur verið spáð auknu atvinnuleysi en á sama tíma er helsta áskorun næstu ára er sögð vera „að koma í veg fyrir þessar spár um atvinnuleysi verði að veruleika“. Með öðrum orðum þá voru spár um atvinnuleysi slæmar þegar ríkisstjórnin setti fram stefnu sína í síðustu fjármálaáætlun og nú eru þær orðnar verri – þrátt fyrir stefnu stjórnvalda. Það er greinilegt að stefna stjórnvalda frá því síðast er virkar ekki og því er vægast sagt áhugavert að sjá engar breytingar í nýrri stefnu stjórnvalda.

Staðan er erfið. Því er ekki hægt að neita. Það sem er enn erfiðara er að sjá öll glötuðu tækifærin. Á meðan atvinnuleysi stefndi í 10% síðasta haust náði Tækniþróunarsjóður einungis að fjármagna 8% umsókna. Tækifærin í nýsköpun til þess að koma til móts við aukið atvinnuleysi var því til staðar, ekki bara hjá Tækniþróunarsjóði heldur á svo mörgum stöðum út um allt land. Hvað gerði ríkisstjórnin í því? Lagði niður Nýsköpunarmiðstöðina án þess að hafa áætlun um hvað tæki við í staðinn. Hvað gerðu Píratar og stjórnarandstaðan? Lögðu til að 9 milljarðar kr. yrðu settir í nýsköpunarmál strax í upphafi faraldursins. Ríkisstjórnin lagði til 1,5 milljarð kr. sem breyttist í 3 milljarða kr. áður en málið var samþykkt. Þetta var staðan í upphafi faraldursins, sýnin sem birtist okkur og tillögurnar sem þá voru lagðar á borðið til þess að bregðast við aðstæðum. Ríkisstjórnin byrjaði í einum og hálfum milljarði og hækkaði sig upp í þrjá. Píratar og stjórnarandstaðan lögðu til níu milljarða. Niðurstaðan var fjármögnun 8% umsókna hjá Tækniþróunarsjóði sem hefði verið um það bil fullfjármagnaður miðað við tillögu Pírata og stjórnarandstöðu.

#### Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum.

Örfáum dögum eftir að síðasta stefna ríkisstjórnarinnar var samþykkt var tilkynnt um stefnubreytingu. 55% samdráttur á losun gróðurhúsalofttegunda árið 2030 í stað 40% samdráttar. Í ljós kom að stefnan var í raun komin frá samstarfsaðilum okkar í loftslagsmálum í Evrópu en þar var sett ný stefna um 55% samdrátt og ríkisstjórn Íslands fylgdi með. Stefnan um kolefnishlutleysi árið 2040 er óbreytt.

Til þess að ná þessum markmiðum um 55% samdrátt leggur ríkisstjórnin til að veittur verði 1 milljarður kr. árlega næstu 10 árin. Engin tilraun er hins vegar gerð til þess að útskýra hvort það þurfi heilan milljarð króna árlega til þess að ná þeim árangri frekar en fyrri daginn. Fjármálaráð útskýrir mikilvægi gagnsæis í umsögn sinni við fjármálaáætlun á mjög skýran hátt: „Mikilvægt er að auka gagnsæi hvað varðar væntan ávinning innviðafjárfestinga í samfélaginu og út frá því forgangsröðun verkefna, einkum við þær erfiðu kringumstæður þar fjármunir eru takmarkaðir og viðkvæmt jafnvægi ríkir milli efnahagslegs stöðugleika og sjálfbærni opinberra fjármála.“ Það er ekki bara mikilvægt heldur er það krafa samkvæmt lögum um opinber fjármál að stefna stjórnvalda sé kostnaðarmetin, ábatagreind og forgangsröðuð til þess að við sjáum ávinning af stefnu stjórnvalda umfram aðra valkosti.

Umhverfismál eru eitt af þeim málefnasviðum sem ríkisstjórnin hefur helst lagt áherslu á í orði. Á borði lítur það líka út þannig en í töflu í álitni meiri hluta fjárlaganefndar kemur fram 57% aukning á fjárheimildum á málefnasvið umhverfismála á áætlunartímabili þessarar ríkisstjórnar, frá 2017 þegar hún tók við til 2026 þegar tímabili þessarar síðustu fjármálaáætlunar lýkur. Það er hækkun frá 16,6 milljörðum kr. upp í 25,8 milljarða kr., eða um 9 milljarða kr. aukning á fjárheimildum. Til þess að átta sig á samhengi mála þarf hins vegar að skoða fylgirit fjárlaga en þar sést að hækkunin er aðallega í málaflokkunum meðhöndlun úrgangs, ofanflóðasjóður og að lokum stjórnsýsla umhverfismála.

Nokkuð ítarlega er fjallað um útgjöld til loftslagsmála í rammagrein 11 í fjármálaáætluninni. Þar er dregin fram upphæðin rúmlega 13 milljarðar kr. til loftslagsmála árið 2022. Þar sést hvernig fjárframlög til loftslagsmála eru mest á árunum 2020–2023 en lækka svo aftur frá 2024 vegna þess að þá falla núverandi skattalegar ívilnanir vegna vistvænna ökutækja niður.

Staðan í dag, samkvæmt aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, er að aðgerðir sem hafa verið metnar munu skila 35% samdrætti í losun til ársins 2030. Aðgerðir sem eru í mótun eiga að skila aukalega 5–11% samdrætti. Sú áætlun á að skila okkur úr tæplega 3,2 milljóna tonna losun niður í rétt rúmar 1,9 milljónir, miðað við 40% losun. Ný stefna gerir, eins og áður sagði, ráð fyrir 55% samdrætti í losun, niður í rétt rúmar 1,4 milljónir tonna. Það vantar því aðgerðir í loftslagsáætlunina upp á um hálf milljón tonna.

Einföld talnaleyfimi ætti að sýna okkur að það er eitthvað undarlegt í gangi hér. Ef fjárheimildir til loftslagsmála voru áætlaðar um 12 milljarðar kr. árið 2022 til þess að ná 40% samdrætti í losun og einn auka milljarður á að skila okkur í 55% samdrátt, þá verður að spyrja af hverju ekki var ekki byrjað á þeim augljóslega ódýru og skilvirkum verkefnum. Á tímabili þessar fjármálaáætlunar erum við að kaupa 40% samdrátt í losun fyrir tæpa 10 milljarða kr. á ári, eða um milljarð fyrir hver 4%. Svo fáum við 15% samdrátt fyrir einn milljarð aukalega. Það þýðir að annaðhvort forgangsráðaði ríkisstjórnin dýrari aðgerðum sem skilaði minni árangri fyrst eða þá að áætlaður kostnaður er verulega slæm ágiskun. Gefum okkur að 10 milljarðarnir séu eins nákvæmir og hægt sé að búast við. Miðað við að forgangsröðun verkefna ætti að velja ódýrustu og skilvirkustu verkefnin fyrst þá mætti kannski gera ráð fyrir að viðbótarverkefni séu aðeins dýrari eða skili ekki eins góðum árangri. Ef við erum bjartsýn og segjum að það kosti milljarð til þess að fá 3% samdrátt í staðinn fyrir 4% samdrátt þá erum við að horfa upp á að það þurfi 5 milljarða kr. aukalega til þess að ná 55% samdráttarmarkmiðinu.

### **Breytingartillaga.**

Annar minni hluti leggur til breytingar til málefnasviðs loftslagsmála upp á 4 milljarða kr. til viðbótar við þann eina milljarð króna sem ríkisstjórnin hefur bætt við til þess að ná markmiðum um 55% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

### **Stefna stjórnvalda frá því síðast.**

Helstu áherslur stefnu stjórnvalda í síðustu fjármálaáætlun voru:

1. viðspyrna í opinberum fjármálum,
2. verðmæt störf, fjárfestingar og aukin hagsæld og
3. skilvirkari þjónusta og sjálfbær opinber fjármál.

Meiri hluti fjárlaganefndar bætti svo við áherslum í nefndarátliti sínu:

1. Svigrúm í krafti árangurs í ríkisfjármálum.
2. Áhersla á nýsköpun og innviðauppyggingu.
3. Byrðum létt af fólki og fyrirtækjum.
4. Arðsemi og atvinnusköpun í fyrirrúmi við fjárfestingar.
5. Skuldasöfnun stöðvuð á áætlunartímanum.

Stefna stjórnvalda hefur ekki gengið betur en svo að horfur um atvinnuleysi hafa versnað frá því núverandi stefna var samþykkt, sama stefna og fjallað er um í þessari tillögu að fjármálaáætlun til næstu fimm ára. Stefnan hefur í raun verið mjög skýr frá því að kófið hófst, markmið stjórnvalda var að bíða af sér faraldurinn og halda bara áfram þar sem frá var horfið í hvalreka hagkerfinu með nýjasta hvalrekann, ferðaþjónustuna. Enn og aftur eru öll egg sett í sömu körfuna. Einu sinni var það síldin og sjávarútvegur. Svo voru það álver og ódýr orka fyrir þau. Þar á eftir var það bankabólan og núna eru það ferðamenn sem eiga að redda öllu.

Miðað við að stefnan er bara að bíða þangað til kófið klárast og halda svo áfram þar sem frá var horfið setur fyrsta markmið stjórnvalda um viðspyrnu í opinberum fjármálum í ákveðið ljós. Á [island.is](https://island.is) er yfirlit yfir allar COVID-aðgerðirnar.<sup>1</sup> Þar eru lokunarstyrkir, viðspyrnustyrkir, stuðningslán, styrkir til íþróttar- og tómstundastarfs, hefjum störf, tekjufallsstyrkur, frestun skattgreiðslna, ferðagjöf, tekjutengdar atvinnuleysisbætur, laun í sóttkví, styrkir vegna umönnunar fatlaðra og langveikra barna, ráðningarstyrkir, laun á uppsagnarfresti, allir vinna, hlutabótaleiðin, brúarlán, greiðsluskjól og úttekt séreignar. Í þessa upptalningu vantar sérstakt tímabundið fjárfestingaráttak og nokkrar aðrar aðgerðir sem eru almennari. Af þessum aðgerðum er það í rauninni bara sérstaka fjárfestingaráttakið sem er fjárfesting til framtíðar. Önnur úrræði snúast um að vernda það sem fyrir var og er svo sem góðra gjalda vert. Vandamálið hins vegar tvöfalt, annars vegar býst enginn við því að allt verði strax eins og það var fyrir kófið og hins vegar þá var efnahagurinn að síga þegar faraldurinn skall á. Það er því stór ósvöruð spurning hvornig stefna stjórnvalda um að allt eigi bara að vera eins og það var fyrir kófið bjóði upp á einhverja viðspyrnu úr þeirri skuldaholu sem við höfum þurft að grafa til þess að halda öllu á floti.

Annað markmið stjórnvalda um verðmæt störf er einnig frekar innantómt þegar betur er að gáð. Tímabundnar viðbætur í nýsköpun, sem aðallega eru endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar fer í raun til mjög fárra þar sem það eru ekki margir sem fullnýttu endurgreiðsluheimild. Tillaga Pírata var að smærri aðilar gætu fengið hærra hlutfall endurgreitt því kostnaður lítilla fyrirtækja við að sækja fé í sjóði er mun hærra sem hlutfall af heildarveltu en hjá stærri fyrirtækjum. Píratar vilja huga betur að rótunum og jarðveginum.

<sup>1</sup> <https://island.is/covid-adgerdir>

Þriðja og síðasta markmið stjórnvalda um skilvirkari þjónustu og sjálfbær opinber fjármál slær svo botninn í allt saman. Stafræn stjórnsýsla, sem fjármálaráðherra hefur kallað Ísland 2,0, er löngu tímabær en á sama tíma löngu orðin úrelt. Ísland hefði átt að fara í gegnum 2,0 byltinguna í kringum síðustu aldamót. Ég vísa í umfjöllun mína um fjárlög fyrir árið 2021 fyrir nákvæmari yfirferð yfir nauðsynlegar framfarir í stafrænni stjórnsýslu.

### **Sjálfbær opinber fjármál.**

Það er sjálfgefið að hafa stefnu um sjálfbær opinber fjármál. Auðvitað vill enginn ósjálfbær opinber fjármál. Hvað þýðir það samt? Í stærra samhengi opinberra fjármála þýðir það í raun lítið atvinnuleysi, litla verðbólgu, að allir séu með þak yfir höfuðið og eigi rúmlega fyrir nauðsynjum í samfélagi sem gangi ekki á sameiginlegar auðlindir. Það er hlutverk opinberra fjármála að jafna efnahaginn og til þess er hægt að beita fjölmörgum aðferðum, eins og hinum klassísku sjálfvirku sveiflujöfnurum – t.d. atvinnuleysisbótum, atvinnutryggingu og grunnframfærslu. Til viðbótar getur hið opinbera gripið til sértækra aðgerða sem ná til afmarkaðra vandamála.

Í álitserð fjármálaráðs er einmitt bent á að undirliggjandi afkoma opinberra fjármála var orðin ósjálfbær á toppi hagsveiflunnar árið 2019. Það þýðir að við getum ekki búist við neinni viðspyrnu til að viðhalda núverandi stefnu um að allt eigi bara að vera eins og það var fyrir faraldurinn. Óhjákvæmilega þarf að breyta einhverju en þar skila stjórnvöld auðu. Núverandi stjórnvöld setja ósjálfbæra stefnu og útskýra ekki hvernig þau ætla að taka til eftir sig.

### **Kjörtímabilið.**

Í upphafi kjörtímabilsins voru ýmsar áskoranir sem þurfti að takast á við. Augljósu málin þar voru húsnæðismál, innviðauppbýgging, álag vegna ferðamanna og vandi í heilbrigðiskerfinu. Að auki voru þónokkur pólitísk vandamál, eins og breytingar í auðlindamálum, að framfylgja niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu vegna nýrrar stjórnarskrár og ýmis spillingarmál sem höfðu sprengt fyrri ríkisstjórnir.

Þegar lítið er yfir kjörtímabilið er svo sem hægt að sjá að ýmis stór mál voru samþykkt. Yfirleitt í þverpólitískri sátt en stundum þrátt fyrir ríkisstjórnarsamstarf þar sem stjórnarandstaðan bætti við nokkrum atkvæðum sem þurfti til þess að ná málum í gegnum þingið. Ríkisstjórnin er svo sem fullfær við að monta sig af þeim málum og rúmlega það. Hér er samt viðeigandi að nefna það sem ríkisstjórnin vill ekki tala um.

Ekki tókst að ná fram breytingum á almannatryggingakerfinu. Þar er enn verið að skerða kjör og áhugaleysi ríkisstjórnarinnar í þeim málaflokki hefur verið algjört. Breytingar á fjölmiðlamarkaði heppnuðust ekki. Niðurstaðan varð að samþykkt var frumvarp um að veita 400 millj. kr. sem fara aðallega í að borga niður ósjálfbæran hallarekstur pólitískra málsgagna. Það eina sem það þýðir er að útgerðin þarf ekki að skrifa eins stóran tékka fyrir hallarekstur Morgunblaðsins. Engar breytingar voru á kvótakerfinu. Ekki tókst að framfylgja niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um framlagningu nýrrar stjórnarskrár grundvallaða á frumvarpi stjórnlagaráðs. Húsnæðisvandinn er nokkurn vegin nákvæmlega sá sami og í upphafi kjörtímabilsins. Faraldurinn náði að búa til smá andrými á leigumarkaði en það er frekar fyrrisjáanlegt að það verður aftur sama brjálæðið þar þegar ferðaþjónustan fer aftur af stað því að það er enn skortur á húsnæði. Svo er enn fráflæðisvandi á Landspítalanum.

Verkefnum hefur ekki fækkað á þessu kjörtímabili. Þau sömu eru enn til staðar og við bættist COVID-faraldurinn. Hjúkrunarfræðingar fóru aftur í gerðardóm, kjör lífeyrisþega

skerðast enn ár eftir ár, spillingarmálin halda áfram og eftirlit með opinberum aðilum er lamað á öllum vígstöðvum.

Þetta er búið að vera surrealistískt kjörtímabil þar sem það þarf að draga fram upplýsingar með ítrekuðum fyrirspurnum af því að spurningum er ekki svarað. Stjórnsýslan felur sig aftur og aftur á bak við undanþáguheimildir í upplýsingalögum og aftur og aftur er sú vörn stjórnsýslunnar hrakin. 2. minni hluti hefur verið með nokkur eftirlitsmál í gangi innan fjárlaganefndar í nokkur ár. Ef svör berast, þá berast þau seint og svara engu þannig að það þarf að spyrja aftur og bíða lengur. Frá sjónarhorni 2. minni hluta er þetta núverandi ríkisstjórn í hnotskurn. Ef það koma svör, þá eru það svör um eitthvað annað en var spurt um. Pólítískur útránsnuningur eins og fagfólki í því er einu lagið. Dæmi um það er að finna í yfirferð meiri hluta fjárlaganefndar um auknar fjárheimildir til málefnasviða. Þar bað 2. minni hluti um að breytingar á fjárheimildum á öllum málefnasviðum yrðu útskýrðar í stuttu máli. Meiri hlutinn hafnaði því að taka saman slíkar útskýringar og vísaði í fyrri fjármálaáætlun.

Eins og alþjóð ætti hins vegar að vita þá er gagnsæið í framsetningu fjármálaáætlunar og fjárlaga ekki mjög mikið og það er langt frá því sjálfsgagt að hægt sé að skilja út á hvað breytingar á fjárheimildum þýða. 2. minni hluti gerir því hér tilraun til þess að komast að því hvaða skýringar er að finna. Til þess notar 2. minni hluti skýringar í fjármálaáætlunum og fylgiritum fjárlaga.

### **Auknar fjárheimildir til málefnasviða.**

Í nefndarálitinu meiri hluta er tafla þar sem farið er yfir þróun fjárheimilda á áhrifatíma ríkisstjórnarinnar. Frá því að hún tók við árið 2017 þangað til síðustu fjármálaáætlun hennar lýkur árið 2026.

#### *Alþingi og eftirlitsstofnanir þess.*

Breytingin hér er neikvæð um 4%. Fjárheimildir jukust þó innan tímabilsins vegna framkvæmda við nýtt húsnæði fyrir nefndasvið sem kemur í stað húsnæðis sem Alþingi leigir í dag. Mjög hagkvæm framkvæmd þar á ferð. Það sem er hins vegar undarlegt er að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er markmið um eflingu Alþingis. Það hefur þýtt fleira starfsfólk á nefndasvið (mjög gott og enn vantar fólk) og fleira starfsfólk fyrir þingflokka (einnig mjög nauðsynlegt). Það sem 2. minni hluti skilur hins vegar ekki er hvernig það getur leitt til þess að fjárheimildir dragist saman. Enn síður ef tekið er tillit til stofnana Alþingis, Ríkisendurskoðunar og umboðsmanns Alþingis sem hafa ítrekað bent á skort á fjárheimildum til þess að sinna frumkvæðisrannsóknum.

#### *Dómstólar.*

26% aukning á fjárheimildum. Skýrist aðallega af stofnun Landsréttar.

#### *Æðsta stjórnsýsla.*

14% aukning á fjárheimildum. Virðist eingöngu vera vegna framkvæmda vegna viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið. Áætlun segir hins vegar að framkvæmdum eigi að ljúka fyrir hluta ársins 2024. Auknar fjárheimildir á þessu málefnasviði má þá rekja til fjárlaga 2018 og verkefna eins og að fjármagna viðamikil forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar, vegna milli-færslu verkefna og vegna öryggismála í stjórnarráðinu.

*Utanríkismál.*

Framlag til utanríkismála hækkar um 16% eða 1,7 milljarða kr. Samt dragast útgjöld saman um 1,6 milljarða kr. á tímabili þessarar fjármálaáætlunar. Helsta ástæðan er vegna uppbyggingarsjóðs EES en einnig hefur samstarf vegna öryggis- og varnarmála hækkað um tæpan milljarð króna og framlög til Íslandsstofu um rúmlega 100 milljónir kr.

*Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla.*

63% aukning á fjárheimildum frá 2017 til 2026. Þarna er aukningin vegna breytinga á vaxtagreiðslum vegna vaxtagreiðslna til ríkissjóðs og stjórnsýslu ríkisfjármála vegna stafræns Íslands fyrir um 1,5 milljarða kr. og „ýmissa verkefna“ fyrir annað eins. Að mestu leyti er þetta bókhaldsleg breyting vegna breytinga í að ríkiseignir greiði markaðsleigu, að færa peninginn úr einum vasa yfir í annan.

*Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál.*

Samdráttur um 6%, 245 milljónir kr. Miðað við núverandi ástand málefna sviðsins er líklega ekki tilefni til samdráttar hér. Það er örugglega hægt að hagræða ýmsu en það eru líka mörg mikilvæg verkefni á þessu sviði varðandi gagnsæi og mælingar á hagkerfinu. Hér eru í raun ákveðin verkefni að klárast og ekkert kemur í staðinn.

*Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar.*

33% aukning á tímabilinu. Tæpir 5 milljarðar kr. Í nefndaráliti meiri hlutans er hins vegar vakin athygli á því að hingað til hafa framlög hækkað um 93% en sú aukning er tímabundið framlag til nýsköpunar (endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar) fellur niður árin 2023 og 2024, eða um það leyti sem það þarf að fara að skera niður í ríkisfjármálum samkvæmt þessari fjármálaáætlun, framlögum vegna stofnunar sprota- og nýsköpunarsjóðs Kríu lýkur líka 2024. Hækkunin sem þá stendur eftir virðist aðallega vera vegna rammaáætlana ESB um menntun, rannsóknir og tækniþróun.

*Sveitarfélög og byggðamál.*

Fjögurra prósentu samdráttur. Hér er ekkert að gerast. Engar áætlanir um jöfnunarsjóð sveitarfélaga, byggðaáætlun eða sóknaráætlanir. Minna en ekkert þegar allt kemur til alls.

*Almanna- og réttaröryggi.*

20% aukning, 5,7 milljarðar kr. Hér er erfitt að finna hvers vegna fjárheimildir aukast. Í fjármálaáætlun 2018–2022 er gert ráð fyrir 700 millj. kr. raunvexti yfir tímabilið. Sú aukning varð að 900 millj. kr. í fjárlagafrumvarpi það árið. Í næstu fjármálaáætlun jukust fjárheimildir vegna skuldbindingar vegna Schengen-samstarfsins og um 800 millj. kr. aukalega til þess að styrkja löggæslu og einhverjar viðbætur vegna reksturs Landhelgisgæslunnar. Enn bætast við 800 millj. kr. vegna fleiri þyrluáhafna og auka milljarður króna til lögreglunnar til þess að efla eftirlit á ferðamannastöðum, aðgerðir gegn fíkniefnum og skipulagðri glæpastarfsemi. Samtals eru þetta ekki 5,7 milljarðar kr. þannig að aukningin hérna er ekki mjög gegnsæ.

*Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála.*

15% aukning, 2,1 milljarður kr. Þetta er aukning vegna breytinga á kirkjujarðasamkomulaginu. Það útskýrir tæplega helmingnum af aukningunni. Hinn helmingurinn er óútskýrður í fyrri fjármálaáætlunum en virðist vera vegna málaflokks útlendingamála sem hækkaði mikið á milli árunna 2017 og 2018. Umsóknnum um hæli fjölgaði mikið milli árunna 2015 og

2016. Árið 2015 voru 323 umsóknir eða um 27 umsóknir á mánuði. Árið 2016 höfðu umsóknirnar þrefaldast, í 977. Flestar urðu þær svo árið 2017, eða 1096, eða 91 umsókn að meðaltali á mánuði. Árið 2020 voru svo 654 umsóknir. Hér er staðan einfaldlega sú að ríkisstjórnin leggur í mjög kostnaðarsamar rannsóknir á því hvernig er hægt að senda fólk úr landi en af því að það er valið að fara þá leið er engin leið til þess að komast hjá þeim kostnaði því þar undir liggur flóttamannasamningur Sameinuðu þjóðanna.

Flóttamannavandinn er ekki auðleysanlegur, til þess þarf samstillt átak margra þjóða sem láta sér það duga í dag að láta örfáar þjóðir glíma við vandann. Það mun kosta pening, óhjákvæmilega, en það er miklu betra að nýta þann pening í að hjálpa fólki, í staðinn fyrir að reyna að komast að því hvernig á að senda það til að búa á ruslahaugum í Grikklandi. Flóttafólk er í gríðarlegum vanda. Grikkland er í gríðarlegum vanda. Við getum gert betur.

#### *Samgöngu- og fjarskiptamál.*

15% aukning, tæplega 5,6 milljarðar kr. Við glímum við mikla viðhaldspörf í þessu málefnasviði, eða um 420 milljarða kr. miðað við greiningu Samtaka iðnaðarins, þar af vantar um 110 milljarða kr. í þjóðvegina. Auknar fjárheimildir hér eru í takt við áherslur allra flokka fyrir síðustu kosningar. Hér þarf samt að gera betur. Það þarf að teikna upp „fullkomið“ samgöngukerfi sem væri fyrirmynd þess sem við myndum vilja hafa. Hér þarf auðvitað að hafa í huga að ekkert er alltaf fullkomið, aðstæður og væntingar breytast þannig að hið fullkomna samgöngukerfi breytist auðvitað líka. En við þurfum samt að setja okkur lokamarkmið til þess að geta borið saman núverandi aðstæður við það sem við viljum hafa. Það auðveldar okkur að forgangsraða og nýta fjármagn betur.

#### *Landbúnaður.*

4% samdráttur, 800 millj. kr. Fjármálaáætlun 2021 segir „lækkun framlaga til búvörusamninga“. Hér er engin stefna.

#### *Sjávarútvegur og fiskeldi.*

5% samdráttur, 315 millj. kr. Engin umfjöllun er um breytingar á þessu málefnasviði í fjármálaáætlun 2021–2025. Ekkert að gerast hérna.

#### *Ferðaþjónusta.*

Ekki mælanleg breyting, 4 millj. kr. Aukin framlög til uppbyggingar á innviðum ferðamannastaða renna út fyrir lok tímabilsins.

#### *Orkumál.*

32% aukning, 1,3 milljarðar kr. Fjárheimildir minnka á tímabili þessarar fjármálaáætlunar en hækkunin hingað til hefur verið vegna jöfnunar á hitun íbúðarhúsnæðis sem á að vera orðin 100% seinni part þessa árs. Tímabær aðgerð þar á ferð.

#### *Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála.*

19% aukning, tæpar 900 millj. kr. Engin umfjöllun er um þetta málefnasvið í kaflanum um helstu útgjaldamál og breytingar eftir málefnasviðum. Í fylgiriti fjárlaga sést aukning til Fjármálaeftirlitsins upp á 800 millj. kr. og til aðalskrifstofu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis upp á tæplega 300 millj. kr. Aðrir liðir breytast lítið eða lækka á móti.

*Umhverfismál.*

57% aukning, 9,4 milljarðar kr. Hér eru helst auknar fjárheimildir í málaflokkinn með höndlun úrgangs, varnir við náttúruvá, í ýmis verkefni stjórnsýslu umhverfismála og tímabundið í fráveitustyrki. Fyrir þau sem eru að leita að fjármagninu sem fer í að ná árangri í loftslagsmálum þá er bara frekar óljóst hvert það er að fara. Langmest af því líklega í hin „ýmsu verkefni“: styrki, framlög og verkefni sem ná rúmum 2,4 milljörðum kr árið 2023. Sjá nánar í kaflanum „Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum“.

*Mening, listir, íþróttá- og æskulýðsmál.*

11% aukning, 1,5 milljarðar kr. Samtíningur nokkurra málaflokka, 300 millj. kr. í safnamál, 200 millj. kr. í menningarstofnanir, 800 millj. kr. í menningarsjóði – aðallega launasjóði listamanna og Kvikmyndasjóð. Engin sérstök stefnumörkun.

*Fjölmiðlun.*

51% aukning, 2 milljarðar kr. Þetta er dálítið vandræðalegt málefnasvið. Hér er hækkunin aðallega vegna útvarpsgjaldsins (1,6 milljarðar kr.) en einnig er gert ráð fyrir 400 milljónum kr. til einkarekinna fjölmiðla út gildistíma áætlunarinnar þrátt fyrir að lagaákvæðin sem sú fjárveiting byggist á falli úr gildi árið 2023.

*Framhaldsskólastig.*

11% aukning, 3,7 milljarðar kr. Hérna eru bara breytingar vegna fjölgunar nemenda og styttingu framhaldsskóla niður í þrjú ár án skerðinga á fjárheimildum. Annars ekkert að fréttá á þessu málefnasviði.

*Háskólastig.*

18% aukning, 8,35 milljarðar kr. Helstu breytingar hér eru vegna Menntasjóðs námsmanna, eða það er að minnsta kosti það sem er sagt í fjármálaáætlun 2021–2025. Í fylgiriti með fjárlögum 2020 sést að munurinn á stuðningi til námsmanna frá ríkisreikningi 2019 og áætlun ársins 2023 er 1,1 milljarður kr. Hækkunin vegna einfaldrar fjölgunar nemenda í Háskóla Íslands eru rúmir 4,5 milljarðar kr. og styrkir á sviði háskóla- og vísindastarfsemi hækka um 2,5 milljarða kr.

Hér þarf aukningu á tímabili fjármálaáætlunar af því að það þarf að uppfæra reiknilíkan um kostnað á hvern nemanda sem hefur ekki verið uppfært í mörg ár. Ekkert kostnaðarmat er til á þeirri uppfærslu enn.

**Önnur skólastig og stjórnsýsla mennta- og menningarmála.**

6% samdráttur, um 350 millj. kr. Hérna á að leggja auknar áherslur á að bæta hæfni nemenda í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði ásamt því að bæta stöðu nemenda með annað móðurmál en íslensku. Samdráttur um 350 millj. kr. 2. minni hluti skilur ekki.

**Sjúkrahúspjónusta.**

37% aukning, 36 milljarðar kr. Helsta útgjaldabreyting málefnasviðsins snýr að framkvæmdum við nýjan Landspítala. Á árunum 2019–2023 er áætlað að fjárheimildir til Landspítalans minnki um tæpa 5 milljarða kr. Á sama tíma eru fjárframlög til sjúkrahússins á Akureyri nánast óbreyttar og óskipt framlag til reksturs sjúkrahúsa hækkað um 8 milljarða kr. Hér skal hafa það á hreinu að nánast ekkert gagnsæi er í rekstri þessa málaflokks. Fjár- laganevnd fær miklu betri gögn um allan rekstur heilbrigðiskerfisins frá Landspítalanum



heldur en nefndin fær frá ráðuneytinu, samt mjög vel matreidd gögn. Fjárveitingarvaldið fær enga yfirsýn yfir málefna við heilbrigðismála, hvorki í sjúkrahúspjónustu né yfir í hjúkrunar- og endurhæfingarpjónustu. Ofan í þetta birtast svo fréttir af Sjúkratryggingum<sup>2</sup> sem sýna gögn þar sem einstaka stofulæknar fá allt að 700 þúsund kr. í greiðslu daglega, *að meðaltali!* Upphæðirnar líta út fyrir að vera háar en forstjóri Sjúkratrygginga Íslands segir að engar kostnaðargreiningar liggi þarna á bak við. Kannski er þetta fullkomlega eðlilegt þegar tekið er tillit til alls kostnaðar við tæki og aðstöðu en það væri lágmark að kynna fjárveitingavalduinu þessa stöðu.

Það hefur verið vel skjalfest í svörum við skriflegum fyrirspurnum um lögbundin verkefni framkvæmdavaldsins að enginn hefur hugmynd um hvað þau kosta. Fjárheimildir næsta árs eru uppreiknaðar frá fyrra ári með einstaka tilfærslum vegna tímabundinna verkefna. Enginn hefur hugmynd um af hverju kostnaður vegna heilbrigðiskerfisins verður um 300 milljarðar kr. árið 2023. Ef einhver veit það, þá fær fjárveitingarvaldið að minnsta kosti ekki að víta það þó eftir því sé leitað.

Hér bera allir ábyrgð. Stjórnisýslan fyrir að vera ekki nægilega gagnsæ í fjármálum. Ráðherra fyrir að gera ekkert í því og Alþingi fyrir að hafna ekki óútskýrðum fjárheimildum. Í því pólitíska meirihlutakerfi sem við búum við í dag skrifast sú ábyrgð svo skuldlaust á ríkisstjórnarflokkana. Það er ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á því að þetta sé í lagi.

#### *Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa.*

36% aukning, tæpir 18 milljarðar kr. Fjármálaáætlun 2021–2025 útskýrir aukningu upp á tæpa 8 milljarða kr. í lækun á greiðsluþátttöku, eflingu heilsugæslu sem fyrsta viðkomustað og 500 millj. kr. af því í geðheilbrigðisþjónustu. Önnur aukning er einfaldlega fjölgun fólks og þá sérstaklega í þeim hópum sem þurfa á heilbrigðisþjónustu að halda.

#### *Hjúkrunar- og endurhæfingarpjónusta.*

14% aukning, tæpir 8 milljarðar kr. Þetta dugar ekki upp í þörfina í þessum málaflökki. Það hefur verið skýrt frá upphafi kjörtímabilsins. Þetta hefur kostnaðaráhrif á sjúkrahúspjónustu þar sem undirfjármögnun býr til svokallaðan fráflæðisvanda á LSH með tilheyrandi aukakostnaði. Nýlega var unnin skýrsla sem átti að útskýra hvar vandinn lægi, af hverju hjúkrunarheimilin eru ítrekað rekin með halla. Niðurstaðan úr þeirri skýrslu var að það veit enginn af hverju, það er ekki stærðarhagkvæmni að reka stærri hjúkrunarheimili en minni þó að í sömu skýrslu sé sagt að ef tekið er tillit til þess að stærri hjúkrunarheimili fá veikari einstaklinga, þá komi fram stærðarhagkvæmni. Niðurstaðan er einnig að sveitarfélögin borga láglaunastarfsfólki á hjúkrunarheimilum betur en ríkið og til þess að reyna að reka hjúkrunarheimilin ekki í halla er hlutfall ófaglærðra láglaunastarfsmanna miklu hærra en það ætti að vera. Samt eru hjúkrunarheimilin rekin með halla.

Það hefur sem sagt tekið allt kjörtímabilið að komast að engu. Vandinn enn sá sami og engin laus í sjónmáli.

#### *Lyf og lækningavörur.*

47% aukning, tæpir 11 milljarðar kr. Ný, dýrari og betri lyf. Fleiri hjálpartæki. Einhverjar samningaviðræður eru í gangi meðal Norðurlandanna að kaupa saman lyf til þess að reyna að ná niður verðinu. Ekki miklar fréttir af því enn.

<sup>2</sup> <https://www.ruv.is/frett/2021/05/25/faer-greiddar-703938-kronur-a-dag>

*Örorka og málefni fatlaðs fólks.*

45% aukning, rúmur 29 milljarðar kr. Hér er að finna 4 milljarða kr. hækkun sem fór annars vegar í að minnka krónu á móti krónu skerðingar niður í 60 auru skerðingu á móti krónu og hins vegar beingreiðslur af því að það tókst ekki að koma þeim hluta fjármagnsins inn í kerfið. Sú fjárhæð átti að hanga sem einhvers konar gulrót fyrir örorkulífeyrisþega að gera kerfisbreytingar. Á sama tíma hefur lífeyrir almannatrygginga rýrnað um 5,7% frá árinu 2017 vegna mismunar á launaþróun og hækkun lífeyris almannatrygginga. Þá er ótalinn sá munur sem er á hækkun lífeyris miðað við svipuð laun í lífskjarasamningunum. Bara sá munur eru um 6,5 milljarðar kr. á málefnasviði örorku annars vegar og málefnasviði aldraðra hins vegar.

Til þess að orða það skýrt og greinilega, lífeyrir almannatrygginga er 5,7% lægri en launaþróun á sama tímabili. Það er einföld kjaraskerðing. Hækkanir á þessu málefnasviði eru einungis vegna lýðfræðilegrar þróunar að öðru leyti en vegna þeirra fjögurra milljarða króna sem nefndir eru hér að framan.

*Málefni aldraðra.*

36% aukning, um 28,4 milljarðar kr. Kerfislægur vöxtur. Ekkert annað.

*Fjölskyldumál.*

59% aukning, um 18,5 milljarðar kr. Breytingar á fæðingarorlofi upp á 4,8 milljarða kr. Fylgirit fjárlaga segir samt 6 milljarða kr. hækkun í fæðingarorlofssjóð. Munurinn þar skýrist væntanlega af lýðfræðilegum ástæðum. Nokkrar aðrar breytingar er að finna, ýmis fjölskyldumál og ýmis starfsemi félagsmála hækka um 2 milljarða kr. eða svo. Barnabætur um 1,6 milljarða kr. eða svo. Smá ógagnsæi hérna í tölunum og útskýringunum vegna þeirra.

*Vinnumarkaður og atvinnuleysi.*

16% aukning, tæpar 900 millj. kr. Mikið atvinnuleysi. Fer minnkandi út tímabilið miðað við spár.

Hér vantar kostnaðargreiningu vegna atvinnuleysisbóta fyrir námsmenn sem eiga rétt á þeim af því að námsmenn sem vinna með námi greiða tryggingagjald og eiga að öðlast réttindi til atvinnuleysisbóta.

*Húsnæðisstuðningur.*

24% samdráttur, tæpir 3,5 milljarðar kr. Aukin stofnframlög til almennra íbúða. Útskýrir alla hækkunina. Það er hins vegar ekkert sem útskýrir lækkunina.

*Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála.*

18% aukning, rúmur 1,8 milljarður kr. Hækkunin á þessu málefnasviði fór á fyrri hluta kjörtímabilsins í stjórnsýslu velferðarmála. Í Tryggingastofnun, Sjúkratryggingar Íslands og í ýmsa starfsemi heilbrigðismála. Málaflokkurinn „ýmis framlög velferðarráðuneytis“ tvöfaldast næstum upp í rúmar 300 millj. kr. Á seinni helmingnum (2019–2023) lækka framlög til lýðheilsu, forvarna og eftirlits um 700 millj. kr., meðal annars til landlæknis um 400 millj. kr. Stjórnsýslan bætir við sig tæpum 400 millj. kr. í viðbót sem fara aftur aðallega í „ýmsa starfsemi“ heilbrigðismála og tvöfaldast „ýmis framlög velferðarráðuneytis“ aftur.

Hækkunin útskýrist hins vegar aðallega á seinni hluta tímabilsins þar sem stjórnsýsla félagsmála hækkar um 1,6 milljarða kr. eða svo, það fer allt í Húsnæðis- og mannvirkja-stofnun.

*Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir.*

298% hækkun, tæpir 36 milljarðar kr. Þetta er auðvitað bara bull. Þetta er engin hækkun. Þetta er kannski óráðstafað svigrúm til útgjalda eða niðurgreiðslu skulda. Ríkisstjórnin veit bara ekkert hvað á að gera við þetta fjármagn og hrúgar því í almennan varasjóð. Ef það þarf að fara í niðurskurðaraðgerðir á seinni hluta þessar fjármálaáætlunar þá er frekar augljóst að það verður byrjað á þessu málefnasviði.

*Alþjóðleg þróunarsamvinna.*

66% hækkun, rúmir 3,5 milljarðar kr. Hækkun á hlutfalli til opinberrar þróunarsamvinnu úr 0,32% í 0,35%. Þá erum við komin hálfu leið í að uppfylla þau markmið sem voru sett um 0,7% til þróunarsamvinnu.

### **Stefna sem virkar – framtíð Pírata.**

Það hefur oft verið talað um að Píratar séu teknókratar og hafi enga pólitík. Vilji bara ræða ferla og form. Það hefur sérstaklega verið gert í kringum umræður um fjármálaáætlun og fjárlög. Ástæðan fyrir því er einföld og er að finna í grunnstefnu Pírata sem er aðgengileg öllum á vefsíðu Pírata en er birt hér til þæginda fyrir áhugasama. Grunnstefnan er pólitík Pírata. Hún snýst ekki um vinstri eða hægri heldur um gagnrýna hugsun og upplýsta stefnu sem byggist á gagnsæi, ábyrgð, borgararéttindum og tjáningar- og upplýsingafrelsi – þess vegna er hin ógegnisæja fjármálaáætlun gagnslaust drasl í augum Pírata og ber að meðhöndla sem svo.

Annar minni hluti skilur vel að gagnrýnendum finnist þetta óþægileg pólitík, enda vilja þeir aðallega taka geðþóttaákvæðanir byggðar á því sem þeim finnst vera best og rétt samkvæmt almennri hugmyndafræði um að markaðurinn geri allt best eða ríkið geri allt best. Að auðurinn komi að ofan eða að markmiðið sé alltaf bara að stækka kökuna. Eins og áður hefur verið farið yfir þá er kakan lygi því hún er bara fyrir suma. Þess vegna hentar það þeim vel að stækka kökuna.

### **1. Gagnrýnin hugsun og upplýst stefna.**

- 1.1. Píratar leggja áherslu á gagnrýna hugsun og vel upplýstar ákvarðanir.
- 1.2. Í þessu felst að Píratar móti stefnu sína í ljósi gagna og þekkingar sem er aflað óháð því hvort tillaga virðist í fyrstu æskileg eða ekki. Afstaða Pírata til hugmynda er óháð því hverjir talsmenn hennar eru.
- 1.3. Fyrri ákvarðanir Pírata þurfa alltaf að geta sætt endurskoðun.
- 1.4. Réttur einstaklinga til að leita þess að verða upplýstir skal aldrei skertur.

### **2. Borgararéttindi.**

- 2.1. Píratar beita sér fyrir eflingu og verndun borgararéttinda.
- 2.2. Útvíkkun borgararéttinda skal miða að styrkingu annarra réttinda.
- 2.3. Standa þarf vörð um núverandi réttindi og gæta þess að þau séu ekki skert.
- 2.4. Píratar telja að borgararéttindi tilheyri einstaklingum, og að réttur hvers og eins sé jafn sterkur.

### **3. Friðhelgi einkalífsins.**

- 3.1. Friðhelgi einkalífsins snýst um vernd hinna valdaminni frá misbeitingu hinna valdameyri.
- 3.2. Píratar telja að allir einstaklingar eigi rétt á friðhelgi í sínu einkalífi.

- 3.3. Til friðhelgi telst réttur til leyndar og nafnleysis, og sjálfsákvörðunarréttur.
- 3.4. Leynd á aldrei að ná lengra en þörf er til að vernda einstaklinginn, og aldrei svo langt að það hafi áhrif á aðra einstaklinga.
- 3.5. Nafnleysi hefur ekki þann tilgang að skjóta einstaklingi undan ábyrgð.

#### 4. Gagnsæi og ábyrgð.

- 4.1. Gagnsæi snýst um að opna hina valdameiri gagnvart eftirliti hinna valdaminni.
- 4.2. Píratar telja gagnsæi eiga mikilvægan þátt í að almenningur sé upplýstur og þar af leiðandi hæfur til lýðræðislegrar ákvörðunartöku.
- 4.3. Upplýsingar eiga að vera aðgengilegar almenningi.
- 4.4. Upplýsingar skulu vera aðgengilegar á opnum gagnasniðum, á því formi sem er hentugast upp á notagildi upplýsinganna.
- 4.5. Til að einstaklingur geti borið ábyrgð þarf hann að hafa getu til að taka ákvarðanir.
- 4.6. Píratar telja að allir hafi óskoraðan rétt til aðkomu að ákvörðunum sem varða eigin málefni, og rétt til vitneskju um það hvernig slíkar ákvarðanir hafi verið teknar

#### 5. Upplýsinga- og tjáningarfrelsi.

- 5.1. Takmörkun á frelsi fólks til að safna og miðla upplýsingum er óásættanleg, nema til verndar borgararéttindum einstaklinga.
- 5.2. Takmörkun á frelsi fólks til að tjá sig er óásættanleg, nema til verndar borgararéttindum einstaklinga.

#### 6. Beint lýðræði og sjálfsákvörðunarréttur.

- 6.1. Píratar telja að allir hafi rétt til að koma að ákvarðanatöku um málefni sem varða þá.
- 6.2. Réttur er tryggður með styrkingu beins lýðræðis og eflingu gagnsærrar stjórnsýslu.
- 6.3. Píratar telja að draga þurfi úr miðstýringu valds á öllum sviðum og efla þurfi beint lýðræði í þeim formum sem bjóðast.

#### Breytingartillögur – samantekt.

Nr.	Málefnasvið	2022	2023	2024	2025	2026
01	Alþingi og eftirlitsstofnanir þess	7.022	6.021	5.687	5.656	5.622
02	Dómstólar	3.524	3.554	3.554	3.554	3.554
05	Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	36.373	37.536	38.132	38.961	38.776
06	Hagskýrslugerð, grunnskrár og upplýsingamál	4.200	4.200	4.200	4.200	4.200
07	Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	30.000	30.000	30.000	30.000	30.000
09	Almanna- og réttaröryggi	32.646	33.590	34.852	36.661	34.599
10	Réttindi einstaklinga, trúmál og stjórnsýsla dómsmála	11.695	11.645	11.695	11.695	11.695
16	Markaðseftirlit, neytendamál og stjórnsýsla atvinnumála	5.660	5.671	5.617	5.550	5.496
17	Umhverfismál	29.000	30.350	30.548	30.562	29.842
20	Framhaldsskólastig	37.817	38.129	37.952	37.905	37.859
23	Sjúkrahúsjónusta	125.569	134.251	132.764	131.323	132.627
27	Örorka og málefni fatlaðs fólks	87.395	89.924	92.052	94.263	96.219
28	Málefni aldraðra	99.504	102.366	104.313	108.349	111.475

30	Vinumarkaður og atvinnuleysi	6.644	6.767	6.778	6.777	6.711
31	Húsnæðisstuðningur	24.796	22.894	22.893	22.891	22.890
32	Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	20.012	20.006	19.608	19.518	18.407

Gerð er tillaga um eftirfarandi:

1. 50 millj. kr. hækkun til frumkvæðisverkefna umboðsmanns Alþingis og Ríkisendurskoðunar.
2. 30 millj. kr. hækkun til héraðssaksóknara vegna aukinna verkefna.
3. 30 millj. kr. hækkun til ríkisskattstjóra vegna eftirlits með skattsvikum og vinnumansali.
4. Aukning í málefnasvið hagsýslugerðar og grunnskrár til þess að uppfæra og betrubæta hagfræðilegar upplýsingar.
5. Hér er lagt til að ekki verði hætt tímabundnu átaki í nýsköpun.
6. 100 millj. kr. í grunnrekstur Landhelgisgæslunnar og 100 millj. kr. í sjálfstætt eftirlit með störfum lögreglu og eftirlit lögreglu með mansali.
7. 120 millj. kr. til Persónuverndar vegna aukinna verkefna. 5,3 milljarða kr. lækkun vegna niðurfellingar sóknargjalda og til að afnema kirkjujarðasamkomulagið. 300 millj. kr. til að tryggja rekstrargrundvöll sýslumannsembættanna. 60 millj. kr. fyrir sjálfstæða mannréttindastofnun. Samtals 4,82 milljarða kr. lækkun.
8. 25 millj. kr. til Vinnumálastofnunar vegna eftirlits með vinnumansali.
9. 4 milljarðar kr. til þess að fjármagna aðgerðir vegna breytinga á stefnu úr 40% samdrætti á gróðurhúsalofttegundum í 55% samdrátt á losun.
10. 150 millj. kr. í lægra aðhaldsstig á málefnasviði framhaldsskóla.
11. 3,8 milljarðar kr. til þess að mæta uppsöfnuðum halla Landspítala árið 2023 til þess að standa við skuldbindingar gagnvart rekstrarsamkomulagi við spítalann.
12. Leiðrétting á málefnasviðum 27 og 28 til að jafna kjör lífeyrisþega til jafns við lífskjara-samninga. 3 milljarðar kr. á málefnasviði 27 og 3,5 milljarðar kr. á málefnasviði 28.
13. 100 millj. kr. til þess að uppfylla mótframlag ríkisins til starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK.
14. 12.000 millj. kr. framlag til húsnæðismála, þ.e. til nýbyggingar til sölu og útleigu íbúða, í formi stofnframlags og hækkaðra framlaga inn í húsnæðissamvinnufélög.
15. 7,5 milljarðar kr. til þess að afnema krónutöluskerðingar.

Alþingi, 26. maí 2021.

Björn Leví Gunnarsson.

